

Aðalfundur Lagnafélags Íslands

haldinn í húsnæði Ísleifs Jónssonar að Draghálsi 14-16 þann 7. apríl 2016, kl. 17:00.

1. Formaður félagsins Sveinn Áki Sverrisson setti fundinn.
2. Kristján Ottósson var kosinn fundarstjóri
3. Friðrik Sveinn Kristinsson var kosinn fundarritari
4. Formaður félagsins flutti ávarp þar sem fjallað var um störf félagsins á liðnu starfsári og sýn fram á veginn.
 - Veitt var viðurkenning fyrir lofsvert lagnaverk og er full ástæða til að halda því áfram.
 - Haldinn var fyrirlestur og kynning um bruna- og reyklokur sem var mjög vel sótt og vakti mikla athygli.
 - Í undirbúningi er fræðslufundur um vandamál vegna tæringar í lagnakerfum, opnum sem lokuðum.
 - Blása þarf til sóknar í starfsemi félagsins, en létta þarf störfum af Kristjáni Ottóssyni framkvæmdastjóra. Kristján sinni útgáfumálum en losni meira við umsjón funda, sem aðrir taki þá meira við.
5. Skýrsla stjórnar var flutt af Kristjáni Ottóssyni. Fram kom að félagið var rekið að öllu jafnaði svipað og áður, Haldnir voru 4 stjórnarfundir auk óformlegra samráðsfunda og samskipta. Að öðru leyti er vísaði í ávarp formanns félagsins og skýrslur fagráða sem hér verða flutt.
 - Fagrád pípulagna. Birgir Hólm Ólafsson flutti skýrslu fagráðs. Það sem helst hefur verið á döfnni hjá fagráðinu, í samvinnu við ýmsa fagaðila og stofnanir, er umfjöllun um útfellingu og tæringarvandamál í lagnakerfum. Þetta skapar vandamál í stýribúnaði húskerfa, lagna, ofna o.fl. Orsaka er m.a. að leita í vatni því sem kemur frá Nesjavallavirkjun og þarf OR. að koma í veg fyrir þetta mein. Ýmislegt annað þarf að skoða í þessum málum og var vísað til fréttablaðs LAFÍ í þessu sambandi. Stefnt er að boðun fundar til kynningar á málinu.
 - Viðurkenningarnefnd. Þórður Ólafur Búason flutti skýrslu nefndarinnar. Afhending viðurkenningar, Lofsvert lagnaverk Lagnafélags Íslands, fyrir árið 2014 fór fram 23. október 2015 og varð fyrir valinu 2000 m² bygging, Slökkvistöðin að Skarhólabraut 1 í Mosfellsbæ. Þetta er orðið 26 ára starf þar sem leitast er með viðurkenningu fyrir lofsvert lagnaverk í nýbyggingu á Íslandi að efla gæðavitund fagmanna og ráðamanna húsbygginga. Fundargerðir viðurkenningarnefndar ættu að vera hluti af lagnasögu Íslands. Þar kemur fram hvaða verk voru kynnt til sögunnar ár hvert og hver var meðhöndlun og afgreiðsla nefndarinnar. Fyrir liggur að Eldheimar í Vestmannaeyjum hefur orðið fyrir valinu sem lofsvert lagnaverk fyrir árið 2015 og fer afhending viðurkenningar fram 27. apríl n.k. .
 - Gæðamatsráð. Egill Skúli Ingibergsson flutti skýrslu ráðsins. Fram kom að ekkert mál kom upp sem ráðið þurfti að fjalla um. Flest mál á síðasta ári voru leyst án þess að fara fyrir Gæðamatsráðið. Á öllum starfstíma ráðsins hafa u.þ.b. 100 mál komið til umfjöllunar, en aðeins 2 af þessum málum hafa farið fyrir dóm. Dreigið hefur úr málum sem hafa komið inn sem bendir til þess að vinna og efnisnotkun hefur batnað með tímanum.

6. Birgir Hólm Ólafsson las upp reikninga félagsins fyrir árið 2015.
7. Ákvörðun um félagsgjöld. Samþykkt var að hafa gjaldið óbreytt, kr. 4.000.
8. Umræður um reikninga félagsins og skýrslu stjórnar. Í umræðum um tekjur félagsins kom fram að einungis hluti útsendra greiðsluseðla fyrir félagsgjöldum greiðist. Full ástæða er til að hvetja félagsmenn til að styðja betur við störf félagsins með greiðslu félagsgjalda. Þá er spurning hvort ekki sé hægt að fjölga félögum til að efla félagið og um leið styrkja það fjárhagslega. Rétt er einnig að halda því til haga að ýmis fyrirtæki og stofnanir styrkja félagið á ýmsan hátt.
9. Eftir umræður voru reikningarnir samþykktir.
10. Kosning stjórnar félagsins og skoðunarmanna fór fram og voru eftirfarandi kosnir:
 - Formaður (kosinn sérstaklega): Jón Sigurjónsson
 - Aðrir í stjórn: Birgir Hólm Ólafsson, Gunnar Sigurðsson, Gunnlaugur Jóhannesson, Jón Guðmundsson, Kristján Oddur Sæbjörnsson og Svavar T. Óskarsson.
 - Skoðunarmenn reikninga: Egill Skúli Ingibergsson, Valdimar K. Jónsson og til vara Friðrik Sveinn Kristinsson.
11. Önnur mál:
 - Á þessu ári eru liðin 30 ár frá stofnun Lagnafélags Íslands. Gert er ráð fyrir að hafa ráðstefnu og koma á framfæri góðri kynningu á félaginu í tilefni af afmælinu (KO).
 - Vert er að rýna í hvað hefur verið gert á vegum félagsins á umliðnum árum og meta hver árangurinn er til hjálpar við mótun starfs á komandi árum.
 - Í umræðum um með hvaða hætti fagaðilar í lagnaiðnaði gætu gert til að efla framþróun fagsviða, var bent á að 0,8% af tekjum vegna sölu á rafmagni almenningsveitna rynni til opinbert eftirlits og framþróunar í raflagnaiðnaði þ.e. til Mannvirkjastofnunar og Neytendastofu. Með sama hætti rynnu um 70% brunatryggingagjaldi húseigenda til sömu aðila. Engin sér tekjur væru merktar til eftirlits og framþróunar í vatnslagnaiðnaði, sem að mati (STÓ) takmarkar framþróun í vatnslagnaiðnaði, miðað við áðurnefndar. Skoða þurfi hvort ekki sé ástæða að vekja athygli opinbera aðila á þessum mismun. Margir fundarmenn töldu hæpið að til þessa kæmi. (Svavar T. Óskarsson).
 - Fram kom sú skoðun að mælikvarði á árangri félagsins sé hversu góð þátttaka er í fræðslufundum á vegum félagsins (Sveinn Áki). Þessu voru fundarmenn sammála. Jón Sigurjónsson, nýr formaður félagsins, telur að fræðslumál hjá lagnamönnum sé ekkert minni en á öðrum fagsviðum bygginga.
 - Miklar umræður voru um hlutverk LAFÍ í fræðslumálum, samskiptum við efnissala, hinn almenna notenda og hagsmunafélögum almennings. Í dag vantar kynningu á lagnasviði sem almenningur skilur, en sú fræðsla hefur að mestu legið niðri eftir fráfall félaga okkar, Sigurðar Grétars Guðmundssonar.
 - Fram kom að Mannvirkjastofnun er að fara í herferð í ýmsum málum, m.a. í fræðslu um CE merkingar og þar gæti LAFÍ hjálpað til.

Fundi lauk kl. 18:30.

10 sátu fundinn

Ritari

Friðrik S. Kristinsson